

**Starfsáætlun**  
**Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**  
**2018**



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Verkefni byggð á þjónustusamningi um verkefni á sviði framhaldsfræðslu .....	4
Verkefni 1: Fræðslusjóður .....	4
Verkefni 2: Hæfnigreiningar .....	5
Verkefni 3: Þróun námskráa og námslýsinga .....	6
Verkefni 4: Kennslufræðimiðstöð .....	7
Verkefni 5: Raunfærnimat .....	8
Verkefni 6 & 9: Nemendabókhald .....	10
Verkefni 7.a: Náms- og starfsráðgjöf .....	11
Verkefni 7.b: Upplýsinga- og ráðgjafarvefurinn NæstaSkref.is .....	12
Verkefni 8: Gæðaúttektir .....	13
Verkefni 10: Kynningarmál .....	14
Verkefni 11.a: GOAL .....	15
Verkefni 11.b: VISKA .....	16
Verkefni utan þjónustusamnings .....	18
Verkefni 12: NVL .....	18
Verkefni 13: Hæfnisetur ferðaþjónustunnar .....	19

## Inngangur

Í Starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er að finna lýsingu á verkefnum FA, helstu verkþáttum og afurðum. Lesa má nánar um verkþætti og tölulegar upplýsingar í ársskýrslum FA og Fræðslusjóðs sem má nálgast á vef FA ([www.frae.is](http://www.frae.is)).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð árið 2002 af ASÍ og SA. Fyrsti samningur við menntamálaráðuneytið (MRN) var undirritaður á miðju ári 2003. BSRB, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðust aðilar að FA á miðju ári 2010. Lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi í mars 2010 og tóku gildi 1. október sama ár. Yfirlýsing um eflingu framhaldsfræðslu milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var undirrituð haustið 2010 og sömuleiðis var nýr þjónustusamningur um starfsemi FA til 5 ára undirritaður. Reglugerð á grundvelli framhaldsfræðslulaganna tók gildi í árslok 2011. Núgildandi samningur milli FA og MRN var undirritaður í byrjun árs 2016 og lýkur árið 2021. Árið 2018 er áttunda starfsár FA á grundvelli nýrra laga.

Markmið starfseminnar eru eftir sem áður þau sömu; að veita markhópum framhaldsfræðslulaga tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði með tilboðum um vottað nám, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat hjá viðurkenndum fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu.

Starfsáætlunin lýsir ekki daglegri starfsemi félagsins, heldur fyrst og fremst þeim verkefnum sem unnið verður að á árinu 2018 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skil á afurðum eru háð ákvörðun framkvæmdastjóra um úthlutun starfshlutfalla í málaflokkum sem byggir á framlagi af fjárlögum til starfseminnar og öðrum tekjum.

Undanfarin ár hefur IPA verkefnið verið inni í starfsáætlun vegna styrks sem ESB veitti til verkefnisins. ESB rifti samningnum árið 2014 og hefur FA stefnt sambandinu. Á árinu 2016 fékkst um 28 mkr vegna vangoldinnar vinnu og hefur það fé m.a. verið nýtt áfram til vinnu við vefinn Næsta skref, sem byrjað var á á dögum IPA verkefnisins.

Þróunarvinna sú sem fram hefur farið á vegum MRN við íslenskan hæfniramma, námskrárgrunn framhaldsfræðslu og gæðaviðmið í framhaldsfræðslu var undirritaður í sept. 2016, en FA hefur tekið virkan þátt í þessari þróun. Námskrárgrunnur framhaldsfræðslu er hægt og bitandi að byrja að virka sem vottunarferli námskráa í framhaldsfræðslu. Framundan er mikið starf við endurskoðun námskráa í framhaldsfræðslu, sem hefur tafist hingað til. Gert er ráð fyrir aukinni vinnu við hæfnigreiningar og námskrárgerð á næsta ári vegna þessa.

Auk ofangreindra verkefna vinnur FA að nokkrum verkefnum með fulltrúum atvinnulífsins eða á grundvelli annarra samninga, sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti. Hér ber einkum að nefna vistun á NVL fyrir norrænu ráðherranefndina. Þau samstarfsverkefni sem byggjast á Evrópustyrkjum verða unnin áfram á næsta ári undir stjórn FA eru m.a. GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) og VISKA (Visual Skills of Adults). Þessi verkefni eru unnin fyrir tilstilli MRN. Einnig hefur FA tekið að sér verkefnið Hæfnisetur í ferðaþjónustu sem er fjármagnað af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR) og unnið í samstarfi við ANR, Stjórnstöð ferðamála, SAF, ASÍ og aðra hagaðila. Öll þessi verkefni fjalla um þróun eða nýjungar í framhaldsfræðslu.

## Verkefni byggð á þjónustusamningi um verkefni á sviði framhaldsfræðslu

<b>Verkefni 1: Fræðslusjóður – Grein 2.1 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 224%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Fjármál og starfsemi Fræðslusjóðs skulu skýrt aðgreind frá starfsemi FA.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Björn Garðarsson, Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, Fjóla María Lárusdóttir, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	1.500.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Verkefni ársins 2017 endurspeglast í áætlun 2018. Að auki kom Fræðslusjóður að undirbúningi og framkvæmd málþings um framhaldsfræðslu 7. sept. 2017 ásamt FA og MRN.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Annast fundarboð, undirbúning fundu, ritun fundargerða og almenna þjónustu vegna stjórnarfræðslu Fræðslusjóðs.</li> <li>Gera fjárhagsáætlanir á grundvelli ákvarðana sjóðsstjórnar og upplýsa stjórn sjóðsins um framvindu áætlana með reglulegum hætti.</li> <li>Auglýsa eftir umsóknnum um framlög og styrki og vinna úr þeim fyrir fundi stjórnar.</li> <li>Gerð samninga við fræðsluaðila á grundvelli samþykkttra úthlutana til verkefna og samninga um endurgreiðslur sé framvinda ekki eins og samningar gerðu ráð fyrir.</li> <li>Framkvæma greiðslur, gera bókhald og láta endurskoða ársreikning Fræðslusjóðs.</li> <li>Vinna verklagsreglur og verkferla eftir þörfum.</li> <li>Taka saman upplýsingar um framvindu verkefna frá fræðsluaðilum eins og skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs kveða á um.</li> <li>Veita sérfræðiráðgjöf vegna umsókna og úthlutana eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.</li> <li>Svara aðsendum erindum til sjóðsins í samræmi við afgreiðslu stjórnar.</li> <li>Útvega og greiða lögfræðiþjónustu ef þörf krefur ef upp koma vafaatriði í samskiptum við fræðsluaðila eða aðra viðskiptavini sjóðsins eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.</li> <li>Veita stjórn sjóðsins upplýsingar um tölfræði og árangur starfsins.</li> <li>Gera ársskýrslu og ársreikning um starfsemi Fræðslusjóðs.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Ársskýrsla		
	Ársreikningur		

<b>Verkefni 2: Hæfnigreiningar– Grein 2.2 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 161%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Skilgreina menntunarþarfir markhópsins með því að beita hæfnigreiningum starfa í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Guðmunda Kristinsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir, NN.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	800.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Aðferðir og leiðbeiningar við greiningar voru þróaðar. Þrjár hæfnigreiningar voru gerðar fyrir: Eflingu; Starfsgreinaráð verzlunar og þjónustu; Ferðamálastofu og við Austurbrú og Markaðsstofu Suðurlands í tengslum við Hæfnisetur Ferðaþjónustunnar. Veittur var stuðningur við samstarfsaðila vegna greininga og haldið námskeið fyrir umsjónarmenn greininga. Haldnir voru umræðufundur hjá samstarfsaðilum.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróa greiningaraðferðina áfram í samræmi við þróun fræðsluhönnunarferlisins.</li> <li>• Þjálfa umsjónarmenn greininga.</li> <li>• Ljúka endurskoðun á handbók fyrir umsjónarmenn greininga, kynna og senda til umsjónarmanna greininga.</li> <li>• Söfnun upplýsinga frá greiningaraðilum í þeim tilgangi að þróa aðferðina og gögn.</li> <li>• Viðhalda upplýsingum og gögnum sem snúa að hæfnigreiningum.</li> <li>• Sinna beiðnum um greiningarverkefni eins og efni standa til og setja nýja starfaprófila sem verða til við greiningar inn í hæfnigrunn FA og á heimasíðu FA.</li> <li>• Endurskoðun hæfnipáttalýsingar eftir þörfum m.t.t. orðalags og þrepaskiptingar.</li> <li>• Þróun afurða sem byggja á starfaprófil.</li> <li>• Þátttaka í samstarfsverkefni HÍ um fagháskólanám í hagnýtri ferðaþjónustu.</li> <li>• Meta stöðu málaflokksins vegna endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu og koma á framfæri við hagsmunaaðila.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Endurskoðuð handbók greininga	Dæmi um námskrá, námslýsingar og gátlista fyri raunfærnimat byggðar á starfaprófil	
	Uppfærðar upplýsingar á vef	Samantekt á hvernig má nýta starfaprófila á öðrum sviðum en við námskrárgerð og raunfærnimat	
	Nýir starfaprófilar í hæfnigrunni og á vef FA	Starfaprófilar á sviði ferðaþjónustu	
	Ný útgáfa af spjöldum eftir þörfum	Nýir hæfnipættir (þýðingar) og fleiri þrep fyrir hvern hæfnipátt	

**Verkefni 3: Þróun námskráa og námslýsinga – Grein 2.3 í**  
þjónustusamningi

<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 120%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Semja námskrár og námslýsingar og vinna með fræðsluaðilum og atvinnulífi að þróun þeirra.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Halla Valgeirsdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir, NN.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	500.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Fræðsluferli, byggt á hæfnigreiningum starfa, var skilgreint og kynnt. Sex eldri námskrár voru endurskoðaðar og sendar til vottunar. Tvær nýjar námskrár fengu vottun. Haldnir voru umræðufundir hjá samstarfsaðilum. Unnið var að grunnleikni á vettvangi NVL.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áframhaldandi þróun á fræðsluferlinu.</li> <li>Miðla og safna upplýsingum varðandi þróun á fræðsluferlinu.</li> <li>Þróun afurða sem byggja á starfaprófil.</li> <li>Endurskoða eldri námskrár eftir forgangsröðun og setja inn í námskrárgrunn fyrir framhaldsfræðslu og setja upp í nýju námskrárútliti og birta á vef FA.</li> <li>Endurskoða námslýsingar fyrir smiðjur (í samræmi við nýja smiðjunámskrá).</li> <li>Veita samstarfsaðilum ráðgjöf og aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.</li> <li>Bregðast við beiðnum atvinnulífsins um námskrárgerð eins og kostur er.</li> <li>Vinna að útfærslu á almennri starfshæfni og grunnleikni í námskrám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.</li> <li>Þátttaka í NVL neti um grunnleikni.</li> <li>Þátttaka í samstarfsverkefni SÍBS - SÍBS Líf og heilsa lífsstílsþjálfun, starfsendurhæfing, námskrá og tilraunakennsla.</li> <li>Meta stöðu málflokksins vegna endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu og koma á framfæri við hagsmunaaðila.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Mynd af fræðsluferlinu á vef FA	Útfærsla á almennri starfshæfni á þrepum fyrir mismunandi námskrár	
	Samstarfsvettvangur mótaður	Útfærsla á grunnleikni á þrepum fyrir mismunandi námskrár	
	Samantektir vegna þróunarvinnu	Námskrá um lífsstílsþjálfun	
	Gagnagrunnur fyrir birtingamynd hæfni í mismunandi störfum	Samantekt um stöðu málflokksins vegna endurskoðunar laga	
	Nýjar útgáfur af námslýsingu fyrir smiðju		

<b>Verkefni 4: Kennslufræðimiðstöð – Grein 2.4. í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 30%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Markmið er að þróa faglegt starf meðal leiðbeinenda í framhaldsfræðslu sem samræmist kröfum, þörfum og framtíðarsýn þar sem tekið er mið af fræðsluferli framhaldsfræðslu.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Halla Valgeirsdóttir, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, NN.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	50.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Þrjú Stiklunámskeið voru haldin. Umræðufundir voru haldnir hjá samstarfsaðilum um kennslufræðilegar nálganir í tengslum við námskrár framhaldsfræðslunnar og starfsþróun leiðbeinenda í ljósi nýjunga á sviðinu. Stiklunámskeiðin voru yfirfarin og kortlagt hvað þarf að endurnýja. Vinna við þróun viðmiða um hæfni leiðbeinenda í samvinnu við HÍ hófst.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurskoða Stiklunámskeið út frá nýjungum í rafrænni fræðslu.</li> <li>• Fylgjast með nýjungum í kennslufræði fullorðinna.</li> <li>• Koma á sameiginlegum vettvangi leiðbeinenda í framhaldsfræðslu.</li> <li>• Halda Stiklunámskeið í samræmi við beiðnir og veita ráðgjöf í kennslufræði eftir því sem óskað er eftir.</li> <li>• Halda áfram að þróa viðmið um hæfni leiðbeinenda í samvinnu við HÍ.</li> <li>• Áframhaldandi þátttaka í NVL neti um grunnleikni.</li> <li>• Uppfæra Gagnasafn Kennslufræðimiðstöðvar á Frae.is.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Haldin Stiklunámskeið í samræmi við beiðnir		
	Viðmið um hæfni leiðbeinenda		
	Gagnasafn Kennslufræðimiðstöðvar verklok		
	Endurskoðuð Stiklunámskeið		

<b>Verkefni 5: Raunfærnimat – Grein 2.5 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 115%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA NVL: 630.000 kr Félag tæknifólks: 1.900.000 kr Evrópuverkefni 1: 250.000 kr Evrópuverkefni 2: 700.000 kr	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Tryggja gæði og þróun raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess. Leggja mat á árangur af verkefnum. Tryggja aðkomu hagsmunaaðila og réttindi þess sem fer í raunfærnimat. Leiða þróun og samstarf við hagsmunaaðila á nýjum sviðum fyrir markhóp FA. Vinna með Fræðslusjóði við úrvinnslu umsókna, tölfraði og eftirfylgni með nýtingu fjármuna.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Haukur Harðarson, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Fjóla María Lárusdóttir, Arnar Þorsteinsson, Steinunn Júlíusdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	1.600.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Unnið hefur verið að ráðgjöf og eftirfylgni vegna umsókna í Fræðslusjóð og verkefna í framkvæmd. Þjálfun matsaðila í raunfærnimati; haldin 4 námskeið. Unnið með hagaðilum að þróun raunfærnimats í nýjum greinum og á mótí viðmiðum atvinnulífs og tengingu við íslenska hæfnirammann (ISQF). Innleidd var skráning upplýsinga um raunfærnimat í INNU- upplýsingakerfi skóla. Mótaðar voru leiðir til að uppfæra gátlista og skimunarlista í samræmi við breytingar á námskrám og viðmiðum atvinnulífs.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Meta og miðla árangri af þeim verkefnum sem er lokið og kanna þörf á úrbótum.</li> <li>• Tryggja endurskoðun og utanumhald vegna gát- og skimunarlista.</li> <li>• Leggja mat á umsóknir um raunfærnimatsverkefni og verkefni sem tengjast raunfærnimati í þróunarhluta Fræðslusjóðs.</li> <li>• Skoða sérstaklega árangur verkefna varðandi Almenna starfshæfni og Fiskvinnslugreinar.</li> <li>• Yfirfara og skýra feril í verkefnaskilum og söfnun tölfraði fyrir raunfærnimat.</li> <li>• Meta árangur af notkun fjarfundabúnaðar við mat og útbúa leiðbeiningar.</li> <li>• Meta áhersluþætti fyrir raunfærnimat vegna endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu og koma á framfæri við hagsmunaaðila.</li> <li>• Þróun raunfærnimats á Háskólastigi í samstarfi við hagsmunaaðila.</li> <li>• Skýrsluskrif um stöðu raunfærnimats á Íslandi fyrir CEDEFOP (Evrópuverkefni 1).</li> <li>• Undirbúningur og skipulag námsferðar til Noregs og Svíþjóðar til að afla upplýsinga um gerð hæfnistefnu og raunfærnimat í atvinnulífi (Evrópuverkefni 2). Námsferð farin að vori.</li> <li>• Yfirfara og endurbæta þjálfunarefni og halda námskeið fyrir fagaðila.</li> <li>• Heimsóknir og fundir með hagsmunaaðilum.</li> <li>• Marka stefnu um skráning í INNU og utanumhald um árangur.</li> <li>• Verkefnastýring fyrir Félag tæknifólks í rafiðnaði og kennslufræðileg ráðgjöf um þróun á námsefni í kjölfar eða fyrir raunfærnimat.</li> <li>• Þátttaka í stýrihópum vegna raunfærnimats m.a. í almennum greinum, (þrep 3) í samstarfi Starfsmenntar og Keilis.</li> <li>• Vinna með VR að rafrænni skimun í raunfærnimati Verslunarfulltrúa.</li> <li>• Útbúa gæðaviðmið fyrir mat á umsóknum í Fræðslusjóð.</li> <li>• Meta áhrif breytinga greiðslukerfis - tengja tölfraði og nýtingu fjármagns.</li> <li>• Fundir og þróun gæðamála með sérfræðinganeti NVL.</li> <li>• Halda utan um og uppfæra vefinn Valiguide á vegum NVL.</li> <li>• Taka þátt í jafningjafræðslu (PLA) um raunfærnimat á vegum ESB.</li> <li>• Frekari þróun fyrir raunfærnimats fyrir viðmið atvinnulífs.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Ferillýsing fyrir verkefnaskil	Gæðaviðmið vegna umsókna í Fræðslusjóð	
	Leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar í raunfærnimati	Sex heimsóknir til samstarfsaðila	



	Samantekt um stöðu málaflokksins vegna enduskoðunar laga	Þrjú fjarfundir með samstarfsaðilum
	Milliskýrsla um stöðu raunfærnimats á Íslandi (CEDEFOP)	Snepill – þrjú fréttabréf
	Námsferð til Svíþjóðar og Noregs	Þrjú fundir á vegum NVL sérfræðingans
	Uppfært þjálfunarefni	Tveir fundir með innanlandshópi NVL
	Þrjú námskeið fyrir fagaðila	Vinnudagur fyrir verkefnastjóra
	Samantekt um árangur – almenn starfshæfni	Samantekt um árangur – fisktæknigreinar
	Tölfræðisamantekt um árangur af raunfærnimati	Samantekt um áhrif breytinga greiðslukerfis
	Fjórar heimsóknir í skóla	

<b>Verkefni 6 &amp; 9: Nemendabókhald – Greinar 2.6 og 2.9 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 40%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklök:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Þróa og viðhalda nemendabókhaldi í samstarfi við fræðsluaðila og Menntamálastofnun, þar sem taka skal mið af mati á fyrra námi og raunfærni, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Aðlaga og þróa kerfi í samræmi við þjónustusamning á grundvelli framhaldsfræðslu og veita einstaklingum upplýsingar um námsferil sinn.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Björn Garðarsson.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	4.100.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Unnið var í samstarfi við Advania að aðlögun og þróun INNU sem nýju kerfi fyrir nemendabókhald framhaldsfræðslunnar og var hún tekin í notkun hjá FA og samstarfsaðilum upp úr miðju ári 2017. Viðmót vegna skráningar á ráðgjafarviðtölum var sérsníðað fyrir framhaldsfræðsluna. Aðlögun og lausnir voru unnar vegna skráningar raunfærnimats, gagnasöfnunar og tölfraeðiskýrsla. INNA var kynnt fyrir samstarfsaðilum og kennsla og aðstoð veitt. Útbúnaðar voru leiðbeiningar fyrir notkun á INNU.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka mið af fyrsta uppgjöri úr INNU í byrjun árs 2018 (fyrir árið 2017).</li> <li>• Aðlaga og þróa nemendabókhaldið eftir því sem starfsemin þróast.</li> <li>• Kennsla og aðstoð við vinnu í INNU til samstarfsaðila.</li> <li>• Veita ráðgjöf og þjónustu vegna INNU.</li> <li>• Samskipti og milliganga við Advania vegna INNU fyrir samstarfsaðila.</li> <li>• Úrvinnsla tölfraeðigagna fyrir nánari rýni eða miðlun.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Samantekt á uppgjöri úr INNU fyrir árið 2017		
	Uppfærsla leiðbeininga		
	Samantektir vegna endugjafar samstarfsaðila		
	Töflur yfir tölfraeði fyrir nánari rýni og miðlun		

<b>Verkefni 7.a: Náms- og starfsráðgjöf – Grein 2.7 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 70%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA	<b>Verklok:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Efla sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Fjóla María Lárusdóttir, Steinunn Júlíusdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	300.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Haldinn var einn fræðslufundur um gæðamál og ferli í ráðgjöfinni. Tveggja daga námskeið var haldið um ráðgjöf í atvinnulífínu með finnskum sérfræðingi. Gerð var samantekt úr ársskýrslum miðstöðva, unnið að viðmóti vegna skráningar á ráðgjafarviðtölum í INNU. Gæðaviðmið EQM voru kynnt fulltrúum símenntunarmiðstöðvar. Ráðgjöf og handleiðsla var veitt vegna MA-ritgerða. Unnið var að almennri þróun í gegnum NVL og út frá evrópskum gögnum.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúa, þarfagreina og halda tvo fræðslufundi með ráðgjöfum.</li> <li>• Afla upplýsinga um þarfir markhópsins og verkefni í ráðgjöfinni.</li> <li>• Útbúa samantekt úr ársskýrslum frá fræðsluaðilum.</li> <li>• Útbúa samantekt á samræmdri þjónustukönnun fræðsluaðila.</li> <li>• Fylgjast með tölfræðiupplýsingum og skráningu á ráðgjöfinni í INNU.</li> <li>• Fylgjast með tölum vegna brotthvarfshópa í framhaldsfræðslu og skilgreina leiðir til að sporna gegn því.</li> <li>• Fylgjast með EQM úttekt og ábendingum sem koma vegna ráðgjafarinnar.</li> <li>• Þróa áfram ráðgjöf í atvinnulífínu með áherslu á fyrirtæki.</li> <li>• Samstarf og móttaka nema við nám í Náms- og starfsráðgjöf í HÍ.</li> <li>• Heimsóknir og fundir með samstarfsaðilum.</li> <li>• Meta stöðu málaflokksins vegna endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu og koma á framfæri við hagsmunaaðila.</li> <li>• Útbúa gæðaviðmið fyrir umsóknir í Fræðslusjóð.</li> <li>• Leggja mat á umsóknir um ráðgjöfina og tengd verkefni í þróunarhluta Fræðslusjóðs og leggja mat á reynslu af breyttu kerfi eftir fyrsta árið.</li> <li>• Miðlun, þarfagreining og þróun í tengslum við GOAL og VISKA.</li> <li>• Öflun og miðlun upplýsinga t.d. frá erlendum aðilum, Cedefop, NVL, Euroguidance, varðandi þróun og gæðamál.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Tveir fundir með ráðgjafaneti FA	Samantekt um stöðu málaflokksins vegna endurskoðunar laga	
	Samantekt og kynning á niðurstöðum ársskýrslna fræðsluaðila úr ráðgjöfinni	Gæðaviðmið fyrir umsóknir í Fræðslusjóð	
	Samantekt úr samræmdri þjónustukönnun á meðal notenda	Samantekt á mati á reynslu af breyttu kerfi eftir fyrsta árið	
	Skilgreining á leiðum til að sporna gegn brotthvarfi úr námsleiðum	Snepill – þrjú fréttabréf	
	Fjórar heimsóknir til fræðsluaðila	Stofna og funda með innanlandshópi tengdum NVL	

<b>Verkefni 7.b: Upplýsinga- og ráðgjafarvefurinn NæstaSkref.is – Greinar 2.7 og 2.5 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 70%	<b>Fjármögnun:</b> ESB, úr IPA verkefni FA (2012-2014)	<b>Verklok:</b> Ótímasett
<b>Markmið</b>	Að útbúa upplýsinga- og ráðgjafarvef um nám og störf á Íslandi og miðla tækifærum til raunfærnimats.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Arnar Þorsteinsson, Fjóra María Lárusdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	300.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Nýr vefur á léninu næstaskref.is var settur upp í Wordpress í samvinnu við vefþjónustufyrirtækið Kaliber. Allt efni var flutt af eldri vef þ.m.t. 200 starfslýsingar og 100 lýsingar á námsleiðum sem allar voru endurskoðaðar og lagfærðar. Samhliða var unnið að nýjum náms- og starfslýsingum og þær settar upp á nýjum vef. Unnið var að hugmyndum um rafræna ráðgjöf á vefnum í samstarfi við helstu stofnanir sem sinna náms- og starfsráðgjöf, áhugakönnunin Bendill IV prófuð og sett upp á vefnum, 25 skimunarlistar í raunfærnimati unnir og gerðir aðgengilegir auk þess sem unnið var að efnislegri aðlögun vefjanna NæstaSkref.is og Framhaldsfræðsla.is.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðhald og uppfærsla á efni NæstaSkref.is: Afar mikilvægt er að halda upplýsingum á vefnum uppfærðum fyrir notendur og að vefurinn og efni hans sé eins notendavænt og kostur er.</li> <li>• Nýjar náms- og starfslýsingar: Stefnt að gerð allt að 50 nýrra starfslýsinga með áherslu á ferðaðþjónustu, tækni og afþreyingariðnað ásamt allt að 30 nýrra lýsinga á námsleiðum.</li> <li>• Rafræn ráðgjöf á vefnum: Prufukeyrt á árinu út frá núverandi uppsetningu og unnið að útfærslu í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar, FNS og HÍ.</li> <li>• Útlit vefjarins þróað í samvinnu við grafískan hönnuð.</li> <li>• Skoðað hvernig vefurinn nýtist markhópnum og öðrum almennum notendum sem og notkun vefjarins í ráðgjöf og/eða kennslu. Áframhaldandi þróun mun taka mið af niðurstöðum rýnihópa og gagnrýni notenda.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	50 nýjar starfslýsingar á vefinn	Samantekt á endurgjöf sérfræðinga og notenda byggð á niðurstöðum rýnihópa og funda	
	30 nýjar námslýsingar á vefinn		
	Lýsing á útfærslu rafrænnar ráðgjafar		
	Ný útlitshönnun		

<b>Verkefni 8: Gæðaúttektir – Grein 2.8 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 10%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA. Fast árgjald fræðsluaðila til FA: 3.096 þkr.	<b>Verklök:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Stuðla að auknum gæðum fræðslustarfs, raunfærnimats og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum í gegnum EQM gæðavottunarkerfið.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Hildur Betty Kristjánsdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	1.618.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Áframhaldandi þróun EQM og EQM+ gæðaviðmiða og vottunarferlis sem nær til þriggja stöða framhaldsfræðslunnar; fræðslustarfsemi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Nýjungar og breytingar kynntar fyrir fræðsluaðilum á vinnufundi. Samningur um úttektir gerður við Vaxandi ráðgjöf ehf. Nýtt þriggja ára vottunarferli hófst byggt á þremur stöðum framhaldsfræðslunnar (EQM+). Ellefu fræðsluaðili skráðu sig í úttektarferli. Einn fræðsluaðili hlaut vottun á árinu.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vaxandi ráðgjöf framkvæmir a.m.k. fimm úttektir á árinu í samstarfi við FA og fræðsluaðila (EQM og EQM+).</li> <li>Samstarf við fræðsluaðila að lokinni gæðavottun.</li> <li>Fjarfundir, leiðsögn, eftirfylgni og yfirferð sjálfsmatslista eftir þörfum.</li> <li>Vinna að nýju skipulagi á gæðavottun í samstarfi við MRN og Menntamálastofnun til að einfalda kerfið og gera það skýrara.</li> <li>Skoða og meta samlegðaráhrif gæðavottunarferlis og viðurkenningar fræðsluaðila við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu.</li> <li>Aðlaga og samræma úttektir á faglegum og rekstrarlegum þáttum starfseminnar.</li> <li>Veita formlegt álit á umsóknum um viðurkenningu fræðsluaðila (skv. samningi við Menntamálastofnun).</li> <li>Þróa eitt kerfi með tveimur þrepum, þar sem 1. þrep hentar fræðsluaðilum sem hafa margþætta og flókna starfsemi á sviði framhaldsfræðslu og 2. þrep fyrir einfalda fræðslustarfsemi, svo sem starfsemi starfsmenntasjóða og fyrirtækja.</li> <li>Fylgjast með nýjungum og þróun á sviði gæðamála í menntun.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Vottun fimm fræðsluaðila		
	Lýsing á nýju skipulagi til einföldunar á gæðavottunarkerfinu		
	Samantekt um þróun gæðakerfisins vegna endurskoðunar laga		
	Formleg endurgjöf á þær umsóknir sem berast		
	Lýsing á tvískiptu kerfi (1. og 2. þrep) gæðavottunar		

<b>Verkefni 10: Kynningarmál – Grein 2.10 í þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 68%	<b>Fjármögnun:</b> Framlag MRN til FA. NVL vegna ársfundar.	<b>Verklök:</b> Við lok þjónustusamnings
<b>Markmið</b>	Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málaflokknum. Efla markaðssetningu framhaldsfræðslunnar með kynningu á framhaldsfræðslumerkinu og vefsíðu því tengdu, ásamt því að kynna árangur framhaldsfræðslunnar.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, Sigríður Jóhannsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir, Björn Garðarsson. Allir starfsmenn koma að kynningarmálum FA með ýmsum hætti.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	700.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Unnið var að nýjum vef FA sem fór í loftið í nóvember. Stofnuð var facebooksíða FA sem nýtt verður til að kynna starfsemina. Haft var samband við höfunda og efni safnað í GÁTT 2017 sem var gefin út í 14. sinn, nú á rafrænu formi eingöngu. Upplýsingum um starfsemina var miðlað hérlendis og erlendis, m.a. með móttöku gesta. Staðið var að útgáfu bæklinga og tekið þátt í ráðstefnum ráðstefnum. FA kom einnig að haldi ráðstefnu um framhaldsfræðslu (m.a. málþing 7. September). Ársfundur FA var undirbúinn og haldinn í nóvember.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefa út Gátt, ársrit um framhaldsfræðslu.</li> <li>• Halda ársfund FA að hausti.</li> <li>• Viðhalda og þróa vef FA.</li> <li>• Viðhalda ásýnd FA á vefnum og á samfélagsmiðlum.</li> <li>• Útgáfa bæklinga til kynningar á framhaldsfræðslu m.a. bækling um árangur framhaldsfræðslunnar.</li> <li>• Kynna hæfnigreiningaraðferðina fyrir samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum og hvernig hægt er að standa að hæfnigreiningum.</li> <li>• Miðla upplýsingum um framkvæmd, þróun og árangur raunfærnimats og ráðgjafar á Íslandi innanlands og erlendis.</li> <li>• Miðla upplýsingum um framhaldsfræðslu hérlendis og erlendis m.a. með móttöku gesta.</li> <li>• Taka þátt í og halda ráðstefnur um framhaldsfræðslu.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Útgáfa bæklinga – m.a. um framhaldsfræðsluna		
	Glærुकynningar vegna kynninga		
	Gátt – ársrit FA 2018		
	Ársfundur FA		
	Viðburðir með hagsmunaaðilum		

<b>Verkefni 11.a: GOAL – Ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna – Greinar 2.11 og 2.7 í Þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 17%	<b>Fjármögnun:</b> Samkvæmt verkefnasamningnum - Menntaáætlun ESB Erasmus+ KA3 (75%) Framlag MRN til FA (25%)	<b>Verklök:</b> Janúar/Febrúar 2018
<b>Markmið</b>	Undirbúa aðkomu nýrra hópa, s.s. innfytjenda, fatlaðra og hælisleitenda, að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.  GOAL er stefnumótunarverkefni sem FA stýrir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið samkvæmt umsókn/áætlun sem hlaut styrk úr Erasmus Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Verkefnið miðar að því að þróa leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Fjóla María Lárusdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	710.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Samráðsfundir samstarfslanda og með innlendum hagsmunaaðilum voru haldnir reglulega vegna þróunar ráðgjafarinnar. Samtals tóku 95 einstaklingar þátt í tilraunahluta verkefnisins á svæðum Mímis og MSS. Unnið var í nánu samstarfi við Menntavísindastofnun og framkvæmdaraðila við greiningu á lærdómi úr verkefninu og stutt við þróun landsskýrslu um niðurstöður verkefnisins. Innlend lokaráðstefna var haldin með hagsmunaaðilum.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúningur fyrir lokaráðstefnu verkefnisins í Brussel ásamt miðlun niðurstaðna á lokaráðstefnu.</li> <li>• Unnið að lokaskýrslu verkefnis, heildarsamantekt og fjármálahluta.</li> <li>• Miðlun niðurstaðna verkefnisins til tengslaneta, hagsmunaaðila og gesta FA.</li> <li>• Festa í sessi samráðshóp fyrir áframhaldandi stefnumótun og þróun í málaflokknum.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Lokaskýrsla verkefnis; samantekarskýrsla og fjármálaskýrsla (jan)		
	Samantekt niðurstaðna af vinnufundi hagsmunaaðila		
	Stofnun formlegs samráðshóp fyrir áframhaldandi samstarf innan málaflokksins		

<b>Verkefni 11.b: VISKA – Sýnileiki starfshæfni innflytjenda – Greinar 2.11, 2.5 og 2.7 í Þjónustusamningi</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 77%	<b>Fjármögnun:</b> Samkvæmt verkefnasamningi - Menntaáætlun ESB Erasmus+ KA3 (75%) Framlag MRN til FA (25%)	<b>Verklök:</b> Janúar/Febrúar 2020
<b>Markmið</b>	<p>Undirbúa aðkomu nýrra hópa, s.s. innflytjenda, fatlaðra og hælisleitenda, að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.</p> <p>VISKA er stefnumótunarverkefni sem FA stýrir hérlandis ásamt IÐUNNI-fræðslusetri fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, samkvæmt umsókn/áætlun sem hlaut styrk úr Erasmus Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. VISKA beinir sjónum að því forgangsatríði að efla starfshæfni innflytjenda með því að gera hana sýnilega, meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun.</p>		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Fjola María Lárusdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	4.365.712 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Verkefnið hófst í febrúar s.l. og frá því hefur m.a. verið unnið að stöðugreiningu í málaflokknum innanlands ásamt skýrslu um skilgreiningu á Transversal skills. Samráðshópur hagsmunaaðila var stofnaður og komið á tengingu við Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Sóttar voru ráðstefnur um innflytjendamál og ráðstefna í Brussel um EU skills profiling tool. Tveir fundir samstarfsaðila voru undirbúnir og sóttir í Noregi og á Írlandi.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila í sveitafélögum og á landsvísu.</li> <li>• Tveir fundir haldnir með samráðshópi og fundað með tengdum hagsmunaaðilum eftir þörfum til að miðla verkefninu og afla upplýsinga.</li> <li>• Koma á samstarfi vegna tilraunahluta verkefnisins.</li> <li>• Þróa og/eða aðlaga verkfæri sem nýtt eru í mati á færni, með rafræna miðla og einstaklingsnálgun í huga, til að nýta með sérstökum markhópum og tryggja gæði raunfærnimatsferlisins.</li> <li>• Undirbúa og halda tvo fundi með Vinnumálastofnun vegna þróunar á hæfnikorti (skill audit).</li> <li>• Fylgjast með og prófa EU skills profiling tool og skoða netlæg sjálfsmatstæki til notkunar í tilraunahluta verkefnisins.</li> <li>• Þróa lista gæðaviðmiða raunfærnimatsþjónustu fyrir innflytjendur.</li> <li>• Skapa sameiginleg viðmið fyrir skráningu og mat á yfirfæranlegri færni.</li> <li>• Útbúa viðmið fyrir yfirfæranlega færni (Transversal Skills).</li> <li>• Útbúa gögn fyrir þarfagreiningu á færni aðila í raunfærnimati (frontline staff).</li> <li>• Þjálfun og/eða færniuppbygging fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra fagaðila sem koma að raunfærnimati, með ákveðna markhópa í huga.</li> <li>• Undirbúa öflun gagna í tengslum við tilraunahluta verkefnis (rýnihópar, kannanir).</li> <li>• Útbúa lýsingu á hlutverki gagnasöfnunaraðila, afla tilboða og gera samning um verkið.</li> <li>• Taka þátt í þróun CIT á tækjum til að afla upplýsinga um árangur í verkefninu og styðja við vinnu innlands gagnasöfnunaraðila.</li> </ul>		



	<ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla upplýsinga úr verkefninu og stöðu fjármála í tengslum við ársskýrslu og hálfárskýrslu. Miðlun upplýsinga um verkefnið á vef verkefnisins og til hagsmunaaðila.</li> <li>Undirbúa og taka þátt í tveimur fundum samstarfsaðila í Noregi og á Íslandi auk þátttöku í fjarfundum í tengslum við þróun afurða.</li> </ul>	
<b>Afurðir</b>	Samningar við sérfræðinga vegna þróunar tækja og aðferða fyrir tilraunahluta verkefnisins	Gæðaviðmið í raunfærnimati fyrir innflytjendur
	Tæki og aðferðir til skráningar á færni	Samningur við gagnaöflunaraðila vegna rannsóknarhluta verkefnisins
	Viðmið fyrir skráningu á yfirfæranlegri færni (Transversal skills)	Gögn fyrir rannsóknarhluta verkefnisins (spurningalistar, kannanir, samantektir)
	Samantekt færnigreiningar vegna námskeiðs fyrir fagaðila	Ársskýrsla verkefnis; samantektarskýrsla og fjármálaskýrsla (feb)
	Námskeið fyrir ráðgjafa og fagaðila	Hálfárskýrsla verkefnis; samantektarskýrsla og fjármálaskýrsla (júlí)

## Verkefni utan þjónustusamnings

<b>Verkefni 12: NVL – Norrænt tengslanet um nám fullorðinna</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 104%	<b>Fjármögnun:</b> Norræna tengslanetið um nám fullorðinna	<b>Verklok:</b> 2022
<b>Markmið</b>	Hýsing á Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna á Íslandi sem er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. NVL hvetur til samræðu á milli aðstandenda ólíkra tengslaneta, kemur á nýjum netum og eflir framlag þeirra til norræns samstarfs.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Hildur Oddsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir, Sveinn Aðalsteinsson og aðrir starfsmenn FA sem taka þátt í samstarfsnetum á vegum NVL.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	613.350 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Niðurstöðum skýrslu samstarfsnets um Færniþróun í atvinnulífinu, sem fulltrúi Íslands hefur umsjón með, var miðlað á Norðurlöndunum. Haldnir þrjú fundir í nýju neti um grunnleikni í og fyrir atvinnulífið. Miðlun upplýsinga um þróun á sviði fullorðinsfræðslu í fréttabréfi NVL og DialogWeb rafrænu tímariti NVL. Undirbúningur og framkvæmd innlendra viðburða í samstarfi NVL og FA og annarra aðila á Íslandi sem koma að fræðslu fullorðinna (m.a. um ráðgjöf í atvinnulífinu). Haldinn var fundur allra fulltrúa Íslands í undirnetum NVL og vinnuhópum ásamt framkvæmdastjóra NVL. Ársfundur FA í samstarfi við NVL var undirbúinn.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stofnun á nýju samstarfsneti um færniþróun í atvinnulífinu. Í netinu munu fulltrúar fræðsluaðila, launþega og atvinnurekenda á Norðurlöndum sitja.</li> <li>• Undirbúningur kynninga á skýrslunni Færniþróun í atvinnulífinu, í Finnlandi og í Svíþjóð.</li> <li>• Miðla upplýsingum um þróun á sviði fullorðinsfræðslu.</li> <li>• Undirbúa og framkvæma innlenda viðburði í samstarfi við NVL og FA og annarra aðila á Íslandi er koma að fræðslu fullorðinna.</li> <li>• Stofna breiðan bakhóp sérfræðinga frá fræðsluaðilum og úr atvinnulífinu fyrir NVL á Íslandi.</li> <li>• Skipuleggja og halda fund með öllum íslenskum sérfræðingum sem sitja í samstarfsnetum NVL.</li> <li>• Taka þátt í Ársfundi FA með því að leggja til norræna fyrirlesara.</li> <li>• Taka á móti og skipuleggja viðburð með samstarfsnetinu um fjarnám, DISTANS sem mun funda á Íslandi árið 2018.</li> </ul>		
<b>Afurðir</b>	Nýtt net um færniþróun í atvinnulífinu stofnað		
	Kynningarfundir í Svíþjóð og Finnlandi um Færniþróun í atvinnulífinu		
	Greinar og textar í fréttabréf NVL		
	Viðburðir sem styðja við þróun fullorðinsfræðslu í samstarfi við lykilaðila í framhaldsfræðslu á Íslandi		

<b>Verkefni 13: Hæfnisetur ferðapjónustunnar</b>			
<b>Upplýsingar um verkefnið</b>	<b>Áætluð heildarstöðugildi</b> 360%	<b>Fjármögnun:</b> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, skv. samningi	<b>Verklok:</b> 2021
<b>Markmið</b>	Á árinu 2017 var gerður samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um Hæfnisetur ferðapjónustunnar við atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti. Hlutverk FA felst í að; starfa á forsendum ferðapjónustunnar til að auka hæfni starfsfólks og þar með auka gæði, fagmennsku, starfsánægju og arðsemi greinarinnar; greina fræðsluþarfir, móta leiðir, auka samvinnu um fræðslu og koma henni á framfæri til fræðsluaðila og fyrirtækja; fá fræðsluaðila til að standa fyrir mælanlegri og árangursmiðaðri fræðslu í samræmi við þarfir greinarinnar.		
<b>Verkefnisstjóri og aðrir starfsmenn verkefnis</b>	Haukur Harðarson, Valdís Steingrímisdóttir, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Hildur Oddsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, Halla Valgeirsdóttir, Steinunn Júlíusdóttir.		
<b>Annar áætlaður kostnaður</b>	11.800.000 kr.		
<b>Staða verkefnis í árslok 2017</b>	Hugmyndafræði og hlutverk Hæfniseturs ferðapjónustunnar hefur verið kynnt hagsmunaaðilum. Unnið að mótun hlutverks, gilda og framtíðarsýnar fyrir Hæfnisetrið. Unnið að fjármögnun verkefnisins til næstu ára. Ráðið inn starfsfólk, mótun stýringu og aðkomu hagaðila. Val og mótun leiða til að koma stærri verkefnum í framkvæmd. Hafin var vinna við framkvæmd einstakra verkefna og samningar gerðir um aðkomu og afnot.		
<b>Verkþættir 2018</b>	<p><b>Marka stefnu um formlegt nám fyrir ferðapjónustu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Umsjón með faghópi Hæfniseturs ferðapjónustu (stýrihópur).</li> <li>• Skipuleggja og koma á samtali milli hagaðila um tilhögun formlegs náms sem tengist ferðapjónustu.</li> <li>• Halda tvo samtalsfundi um formlegt nám með MRN, starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina, aðilum atvinnulífsins og háskólastiginu.</li> <li>• Vinna úr kortlagningu fyrir störf í ferðapjónustu og setja fram hugmyndir að stefnumörkun á formlegu námi.</li> <li>• Skipuleggja og halda utan um námsferð til Skotlands haustið 2018 til að fræðast um uppbyggingu á formlegu námi, starfsþjálfun á vinnustað og framkvæmd í fræðslu til fyrirtækja.</li> </ul> <p><b>Kynningar og markaðsmál</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efla vef Hæfniseturs ferðapjónustunnar með það að markmiði að miðla þar upplýsingum og verkfærum sem nýtist fyrirtækjum vegna fræðslumála. Mörkuð verður stefna fyrir uppbyggingu hæfni.is</li> <li>• Stefnumörkun um kynningar og markaðsmál.</li> </ul> <p><b>Samstarf með fræðsluaðilum og hagaðilum um að efla þekkingu í fyrirtækjum</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með fjórum símenntunarmiðstöðvum að því að koma á markvissri hæfniuppbyggingu innan ferðapjónustufyrirtækja og meta árangur af því.</li> <li>• Koma á klasasamstarfi fyrirtækja um markvissa fræðslu, bæði tengt ákveðnum geirum og/eða landssvæðum.</li> <li>• Á seinni hluta árs 2018 verður lögð áhersla á að meta árangur af þessari tilraun og meta hvort eigi að halda áfram með verkefnið, tillögur að úrbótum og þróun í öðrum landshlutum.</li> </ul> <p><b>Starfsmenntasjóðir og greiðslur v. þekkingaruppbyggingar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Greina hugsanleg gót í fjármögnun í fræðslu til fyrirtækja og einstaklinga og taka upp samtali við starfsmenntasjóði um möguleika á úrbótum.</li> <li>• Stýring á fræðslumálum fyrir einstök fyrirtæki eða klasa.</li> <li>• Raunfærnimat fyrir þau sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi.</li> </ul>		

	<p><b>Verkfæri og efni sem nýtast fyrirtækjum í þekkingaruppbyggingu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera aðgengilegt og koma á framfæri kennsluefni og leiðbeiningum um notkun á efninu <i>Gestrisni</i> sem Hæfnisetrið hefur samið um yfirráðarétt á.</li> <li>• Móta spurningalista sem hægt er að nýta á rafrænan hátt á eftirfarandi sviðum: öryggi, þjónusta og atvinnubílstjórar.</li> </ul> <p><b>Rafræn verkfæri</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Móta og prófa hugbúnað um rafræna fræðslu (þróaður hjá hugbúnaðarfyrirtækjum) til að efla þekkingu framlínustarfsmanna í ferðaþjónustu.</li> <li>• Unnið með Austurbrú að uppbyggingu rafrænnar fræðslu fyrir ferðaþjónustuaðila á austurlandi í tenglum DMP verkefni.</li> <li>• Útbúa og miðla upplýsingum á milli aðila sem eru að skoða rafrænar lausnir við að koma þekkingu á framfæri – samstarf um lausnir.</li> </ul> <p><b>Mæla árangur markvissrar fræðslu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilgreina aðferðir til að leggja mat á árangur af markvissu fræðslustarfi.</li> <li>• Aðferðir prófaðar í samstarfi við fyrirtæki.</li> </ul> <p><b>Greiningarvinna og raunfærnimat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna úr kortlagningu fyrir störf í ferðaþjónustu og greina möguleika á framkvæmd raunfærnimats fyrir störf. Greindar starfalínur, möguleikar á þrepaskiptingu og starfsþróun.</li> <li>• Ákvarða umfang greiningarvinnu og forgangsöröðun raunfærnimatsverkefna sem tengjast ferðaþjónustu.</li> <li>• Kynna niðurstöður og koma verkefnum í raunfærnimati í framkvæmd.</li> <li>• Kynna niðurstöður inn í formlega skólakerfið og fyrir þei sem standa fyrir fræðslu til fyrirtækja í ferðaþjónustu</li> <li>• Kanna möguleika á fjármögnun á raunfærnimati vegna þeirra sem ekki falla undir úthlutanir úr Fræðslusjóði.</li> <li>• Samstarf við HÍ um þróun náms í ferðaþjónustu á fagháskólastigi.</li> <li>• Fjórar hæfnigreiningar fyrir störf í ferðaþjónustu.</li> <li>• Tvö verkefni í fyrir raunfærnimat á móti viðmiðum starfa.</li> </ul>	
<b>Afurðir</b>	Yfirlit yfir fræðslu og fræðsluaðila gert aðgengilegt fyrirtækjum	
	Yfirlit - Heildarsýn atvinnulífs um skipulag á formlegu námi sem tengist ferðaþjónustu	
	Niðurstöður úr greiningarvinnu fyrir nám á fagháskólastigi í samstarfi við HÍ og Hóla	
	Fjórar hæfnigreiningar fyrir störf í ferðaþjónustu	
	Verkfæri fyrir fyrirtæki og fræðsluaðila sem nýtist í fræðslustarfi (örsögur og leiðbeiningar)	
	Komið á samstarfi við símenntunarmiðstöðvar sem miðar að árangursríkri hæfniuppbyggingu í ferðaþjónustufyrirtækjum	
	Skilgreina mælikvarða fyrir árangursríkt fræðslustarf og prófa mælikvarðann	
	Samantekt um árangur af samstarfi við símenntunarmiðstöðvar í verkefninu	
	Þróa raunfærnimat á móti hæfniviðmiðum starfa – tvö störf	
	Útbúa og prófa leiðir við að nýta rafræna leiðir fyrir árangursríka fræðslu	
	Samantekt um vöntun á fjármögnun á fræðslu til fyrirtækja og einstaklinga og samtal við starfsmenntasjóði um úrbætur	
	Námsferð til Skotlands, með áherslu á formlegt og óformlegt nám í ferðaþjónustu	
	Samantekt á stöðu formlegs náms sem tengist ferðaþjónustu	
	Vinna úr kortlagningu fyrir störf í ferðaþjónustu, greina starfsþróunarmöguleika og tengja við hæfniprep	
	Tveir samtalsfundir um uppbyggingu formlegs náms í ferðaþjónustu í samráði við hagaðila	